

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/408
komudagur 5.12.2005

Sauðárkróki 2.12.02005



Umhverfisnefnd Alþingis
Svava Hafliðadóttir
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um mál nr. 314 úttekt faggilts aðila.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur borist beiðni um umsögn um breytingar á lögum nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um er að ræða nýja setningu í 23gr. lagana. Heimilt er ráðherra að kveða þar á um að innra eftirliti skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila.

Í lögum nr. 7/1998 er gert ráð fyrir að heilbrigðisnefndum beri að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga og settra reglugerða. Í umboði heilbrigðisnefnda starfa heilbrigðisfulltrúar en þeir hafa til þess leyfi, útgefið af Umhverfissráðuneyti.

Í gr. 24 er heimild fyrir heilbrigðisnefndir og UST til að fela tiltekna þætti heilbrigðiseftirlits faggildum skoðunaraðilum.

Skv. reglugerð nr. 942/2002 er aðalskoðun leikvallatækja framkvæmd af faggildum skoðunaraðilum. Sveitarfélagið Skagafjörður tók tilboði ráðgjafarstofu um aðalskoðun leikvalla. Kostnaður fyrir sveitarfélagið var u.þ.b. 40 þús fyrir hvern leikskóla, en þeir er 6 í sveitarfélaginu. Ekki voru tekin út opin leiksvæði í sveitarfélaginu sem er fjórtán.

Skoðunaraðili skilaði skýrslu til sveitarfélagsins með athugasemdum um búnað leikvallana. Vandinn er sá að faggildi skoðunaraðilinn er eingöngu umsagnaraðili og í þessu tilfalli um atriði sem komið höfðu fram við eftirlitsskoðun heilbrigðiseftirlitsins. Ekki er gert ráð fyrir að faggiltur aðili geti beitt þvingunarúrræðum skv. 26. gr laga nr. 7/1998 og er því eingöngu verið að leggja auknar álögur á sveitarfélögin, eða fyrirtækin ef faggiltir aðilar taka út ákveðna þætti en heilbrigðiseftirlitin þurfa eftir sem áður að skoða og meta hvort ástæða sé til að beita þvingunarúrræðum.

Með kveðju



HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Norðurlands vestra

Steinunn Hjartardóttir
heilbrigðisfulltrúi